



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

187. fundur skólanefndar FS 17. október 1994

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Bogi Hallgrímsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Einar Trausti Óskarsson, Ólafur Sigurðsson, Gísli Brynjólfsson og Hjálmar Arnason, skólameistari.

Dagskrá:

1. Kosning stjórnar skólanefndar.
2. Seturéttur í skólanefnd.
3. Upphaf haustannar 1994.
4. Önnur mál.

Kristbjörn bauð fundarmenn velkomna, bauð nýja nefndarmenn velkomna til starfa og setti fundinn. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Kosning stjórnar skólanefndar.

Stungið var upp á Kristbirni Albertssyni sem formanni nefndarinnar; samþykkt samhljóða. Stungið upp á Boga Hallgrímssyni, Einari Trausta Óskarssyni og Guðbjörgu Ingimundardóttur í stöðu varaformanns; í atkvæðagreiðslu fékk Bogi 3 atkvæði, Einar Trausti 2, Guðbjörg 1 og einn seðill var auður. Bogi Hallgrímsson er því réttkjörinn varaformaður skólanefndar. Stungið var upp á Guðbjörgu Ingimundardóttur í embætti ritara; samþykkt samhljóða.

2. Seturéttur í skólanefnd.

Kristbjörn lagði til að þeim sveitarfélögum sem ekki eiga fulltrúa í nefndinni, Sandgerði og Vogum, verði boðið að tilnefna áheyrnarfulltrúa sem sitji fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Tillagan samþykkt.

3. Upphaf haustannar 1994.

Hjálmar sagði frá upphafi haustannar. Kennsla hófst 31. ágúst og stendur út nóvember en próf byrja í upphafi desember. Útskrift verður 17. desember. Alls skráðu 749 nemendur sig í skólann, kennarar eru 52 og hafa nemendur og kennarar aldrei verið fleiri. Í öldungadeild eru 147 nemendur sem er aukning frá því í fyrra. Auk þess verða Námsflokkar FS starfræktir á önninni og hafa 6 námskeið verið auglýst. Breyting var gerð á busavígslu; nemendur og kennarar gengu á Keili og að því loknu var grillað. Aðvörunarbréfum til nemenda fækkar jafnt og þétt og stöðnum einingum á nemenda hefur fjölgað þannig að hertur húsagi innan skólans virðist vera að skila sér. Búið er að setja upp skápa á göngum skólans sem verða leigðir nemendum. Hjálmar kynnti hlut skólans í fjárlögum 1995; staða skólans er viðunandi sem stendur.

4. Önnur mál.

- a) Kristbjörn óskaði eftir því að útbúinn verði listi yfir alla nefndarmenn og varamenn þeirra og honum dreift til nefndarmanna.
- b) Kristbjörn lagði til að fundargerðir verði færðar inn í fundargerðarbók svo hægt sé að samþykkja þær og undirrita í lok hvers fundar. Hann bað fólk að íhuga þetta fram að næsta fundi.
- c) Ákveðið að fastir fundardagar nefndarinnar verði annan þriðjudag hvers mánaðar kl. 17:00. Næsti fundur verður því þriðjudaginn 8. nóvember.
- d) Hjálmar lagði til að nefndin haldi áfram samstarfi við aðra framhaldsskóla, t.d. með heimsóknum í aðra skóla og með því að bjóða fulltrúum þeirra í heimsókn hingað. Hann óskaði eftir því að þetta yrði rætt nánar á næsta fundi.
- e) Þór Stefánsson, frönskukennari, óskar eftir framlengingu á launalausum leyfi fram til vors 1995. Nefndin mælir með erindinu en menntamálaráðuneytið veitir leyfið.
- f) Hjálmar kynnti bréf sem hann hefur ritað SSS þar sem óskað er eftir að samtökin greiði laun tveggja starfsmanna í mötuneyti nemenda. Með þessu væri hægt að lækka matarverð og hvetja nemendur enn frekar til að borða hollan mat í skólanum.
- g) Jón Már Björnsson hefur verið skipaður sviðsstjóri á stærðfræði- og raungreinasviði í stað Þórs Ásgeirssonar sem hætti störfum við skólann síðastliðið vor.
- h) Hjálmar kynnti hugmynd að breytingu á stjórnunarkerfi skólans sem hann óskaði eftir að yrði rædd á næsta fundi nefndarinnar. Hann leggur til að ráðningartími sviðsstjóra verði lengdur úr tveimur árum í þrjú þannig að þeir geti betur nýtt þá reynslu sem þeir öðlast í starfinu.
- i) Hjálmar lagði til að nefndin haldi fund með kennurum skólans. Ákveðið að ræða nánar.
- j) Kynningarfundur fyrir foreldra og forráðamenn nemenda verður haldinn í skólanum miðvikudaginn 26. október kl. 20:00. Þegar er búið að senda út fréttabréf til foreldra þar sem fundurinn er kynntur. Nefndarmenn voru hvattir til að mæta á fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Kristbjörn Albertsson,
formaður


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja:

Kristbjörn Albertsson, formaður
Fífumóa 1b,
260 NJARÐVÍK.
sími: 92-12934

Bogi Hallgrímsson, varaformaður
Mánagerði 7,
240 GRINDAVÍK.
sími: 92-68119

Guðbjörg Ingimundardóttir, ritari
Drangavöllum 3,
230 KEFLAVÍK.
sími: 92-15248

Hjálmar Árnason, skólameistari
Faxabraut 62
230 KEFLAVÍK.
sími: 92-14160

Einar Trausti Óskarsson
Lyngholti 10,
230 KEFLAVÍK.
sími: 92-13470

Gísli Brynjólfsson,
Hellum
190 VOGUM.
sími: 92-46609

Ingimundur P. Guðnason,
Hraunholti 4,
250 GARÐI
sími: 92-27282

Ólafur Sigurðsson
Vesturgötu 14a
230 KEFLAVÍK.
sími: 92-12162

Áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og
tillögurétt:

Guðjón Kristjánsson
Skólastræti 1
245 SANDGERÐI
sími: 92-37436

Jón Ingi Baldvinsson
Austurgötu 5
190 VOGUM
92-46623

Varamenn í skólanefnd:
Ingvar Guðmundsson,
Vatnsnesvegi 31,
230 KEFLAVÍK.
sími: 92-15652

Jón Ingi Baldvinsson,
Austurgötu 5,
190 VOGUM.
sími: 92-46623

Jón Sæmundsson,
Norðurgarði 13,
230 KEFLAVÍK.
sími: 12236

Karl Hermannsson,
Faxabraut 64,
230 KEFLAVÍK.
sími: 92-12573

Karl Smári Hreinsson,
Austurgötu 19,
230 KEFLAVÍK.
92-13961

Sigríður Aðalsteinsdóttir,
Hlíðarvegi 5,
260 NJARÐVÍK.
sími: 92-11982